


## DAGBÓK



## 90 ára afmæli

Í dag, föstudaginn 10. nóvember, verður nfræður Guðmundur Bernharðsson frá Ástúni, Hátúni 10. Hann tekur á móti gestum í safnaðarheimili Áskirkju kl. 5-8.

Neskirkja:  
Félagsstarf aldraðra

Samverustund á morgun, laugardag kl. 15 í safnaðarheimili kirkjunnar. Guðrún Jónsdóttir syngur einsöng. Upplstur. Munið kirkjubílinn.

Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins:  
BASAR

Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík heldur árlegan basar sinn á morgun, laugardaginn 11. nóvember, í safnaðarheimili kirkjunnar að Laufásvegi 13 og hefst hann kl. 14.00.

Tekið verður við munum á basarinn í dag, föstudag, í safnaðarheimilinu kl. 17-21 og í fyrramálið frá kl. 9.00.

## Ferðafélag Íslands

Dagsferð sunnudaginn 12. nóv.:  
Kl. 13.00 MOSFELL

Ekið að Hrísbú í Mosfellsdal og gengið þaðan á Mosfell (276 m). Létt gönguferð. Munið hlý fót og þægilega skó.

Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farniðar við bíl. Frítt fyrir börn að 15 ára aldri. Verð kr. 600.-.

## Ferðafélag Íslands.

## Útivist um helgina

Dagsferð, sunnud. 12. nóv.

Skemmtileg gönguleið í landi Mosfellsbæjar: Reykjaborg - Æsustaðafjall.

Brottför kl. 13.00 frá Umferðarmiðstöð-bensinsölu. Stoppað við Árbejar-safn og í Mosfellsbæ við Kaupfélagið.

Kvöldferð mánud. 13. nóv.

Tunglskingsanga og fjörubál á Álftanesi. Brottför kl. 20.00 frá Umferðarmiðstöð-bensinsölu.

Útivist.

Vetrar-  
hjólbardar

Hankook há-gæðahjólbardar frá Kóreu á lágu verði.

Mjög mjúkir og sterkir.

Hraðar hjólbardaskiptingar

## BARDINN hf.

Skútuvogi 2, Reykjavík  
Símar: 91-30501 og 84844.

## Til sölu

50 notuð kanínubúr ásamt fylgihlutum.


Nánari upplýsingar í síma 93-56672 eftir kl. 7 á kvöldin.



Útför eiginkonu minnar,  
**Sigríðar S. Sigurðardóttur**  
frá Viðvöllum, Fljótssdal,  
Berugötu 7, Borgarnesi

verður gerð frá Borgarnesarkirkju, þriðjudaginn 14. nóv. n.k. kl. 2, eftir hádegi.

Jón Sigurðsson



Ingibjörg Eyþórsdóttir við eitt verka sinna.


FÍM-salurinn:  
BAUTASTEINAR

Ingibjörg Eyþórsdóttir opnar fyrstu einkasýningu sína í FÍM-salnum í kvöld kl. 20.00

Ingibjörg stundaði nám við Myndlistaskóla Reykjavíkur árin 1982 til 1983 og

síðan við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1983 til 1987. Myndirnar sem hún sýnir eru allar málaðar á sl. einu og hálfu ári.

Sýningin ber yfirkriftina Bautasteinar. Sýningarsalur FÍM er opin kl. 13-18 á virkum dögum en kl. 14-18 um helgar.




VASAR, eitt verka Kristínar Ísleifsdóttur á sýningunni.

Kjarvalsstaðir:  
Síðasta sýningarhelgi

Nú stendur yfir sýning á verkum Sveins Björnssonar málara í Vesturforsal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru málverk, skulptúrur og fleiri verk. Sýningunni lýkur sunnudaginn 12. nóvember nk.

Sýningu Kristínar Ísleifsdóttur, sem er í Vesturforsal Kjarvalsstaða, lýkur einnig sunnudaginn 12. nóv. nk. Á sýningu hennar eru 80 verk unnin í leir á sl. tveim árum.

Sýningarnar eru opnar alla daga kl. 11-18.



## Jóla kort

## Styrktarfélag vangefinna

Sala er hafin á jóla kortum félagsins. Þau eru með myndum af verkum listakonunnar Sólveigar Eggerz Pétursdóttur. Hefur hún gefið félaginu frummyndirnar, 4 talsins, og verður dregið um þær 20. janúar 1990 og vinningsnúmer þá birt í fjölmiðlum.

Átta kort verða í hverjum pakka og fylgir spjald, sem gildir sem happdrættismiði. Verð pakkans er kr. 400. Kortin verða til sölu á skrifstofu félagsins að Háteigsvegi 6, í versluninni Kunst, Laugavegi 40, Nesapóteki Eiðistorgi og á stofnunum félagsins.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að kortin eru greinilega merkt félaginu.

## Basar Kvenfélags Kópavogs

Kvenfélag Kópavogs heldur sinn árlega basar í Félagsheimilinu sunnudaginn 12. nóvember kl. 14:00. Munum veitt mótaka laugard. 11. nóvember kl. 13:00-17:00 og sunnud. 12. nóv. frá kl. 10:00.



## Ný plata Bergs Þórðar

Á næstunni kemur út ný plata Bergs Þórðar. Á plötunni eru 10 lög. Öll lög og allir textar eru eftir Berg. Auk hans syngja og leika á plötunni þau Ásgeir Óskarsson, Magnús Sigurðarson, Friðrik Sturluson, Sigurður R. Jónsson, Ingólfur Steinsson og Andrea Gylfadóttir.

5 F (fimm eff) gefur plötuna út, en Skífan sér um dreifingu.



Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur við undirleik Geoffreys Parsons á ljóðatónleikum í Íslensku óperunni.

Ljóðatónleikar  
í Íslensku óperunni

Sigríður Ella Magnúsdóttir, mezzosópran og Geoffrey Parsons, píanóleikari, halda ljóðatónleika í Íslensku óperunni sunnudaginn 12. nóvember nk. kl. 15.00. Á efnisskránni eru íslensk og erlend ljóð, m.a. eftir Haydn, Schubert, Delius, Sibelius, Sigvalda Kaldalóns og Arna Thorsteinsson.

Aðgöngumiðar eru seldir í Íslensku óperunni.

## Hana nú:

## Laugardagsganga

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 11. nóvember. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10.00.

Í misjöfnum veðrum vetrarins búum við okkur hlýlega í bæjarröltinu. Markmið göngunnar er súrefni, samvera og hreyfing. Nýlagað molakaffi.

## MÍR:

## Mexikómynd Eisensteins

„Lífi Mexíkó“ nefnist kvikmyndin sem sýnd verður í bíósal MÍR, Vatnsstíg 10, nk. sunnudag, 12. nóv. kl. 16. Myndin er byggð á hugmyndum og myndefni sem Sergei Eisenstein, hinn frægi, sovéski leikstjóri, kvikmyndatökumadurinn Edvard Tisse og kvikmyndaleikstjórinn Grigorí Alexandrov söfnuðu á ferð sinni til Mexíkó árið 1932. Eisenstein auðnaðist aldrei að vinna úr efniviði sínum, en Alexandrov hefur sett þessa mynd saman úr því myndefni sem til var. Kvikmyndin sækir efni í sögu Mexíkó, langa og litríka. Skýringar á ensku eru með myndinni.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

## Þrjú ljóðabækur eftir ung skáld

Almenna bókafélagið hefur gefið út þrjár ljóðabækur ungra ljóðskálda og er það liður í átaki félagsins til eflingar íslenskrí ljóðlist.

Stundir úr lífi stafrófsins nefnist ljóðabók Sigmundar Ernís Rúnarssonar. Sigmundur er þekktur sem fréttar- og fjölmiðlamadur, en hann hefur áður gefið út tvær ljóðabækur.

Frostdinglar nefnist fyrsta ljóðabók Birgittu Jónsdóttur. Hún myndskreytir einnig bók sína.

Einleikur á regnboga er fyrsta ljóðabók Steinunnar Ásmundsdóttur. Í bókinni eru einnig ljósmyndir eftir Ingu Lísu Middleton.

Ljóðskáldin þrjú munu kynna ljóð sín á næstu vikum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

„Að vera – eða hafa verið.  
Þúsundasti og annar dagurinn  
í lífi Halldórs Guðbrandssonar“  
og Sjóferðin mikla, barnabók

Bókaútgáfan Lífsmark hefur sent frá sér smáskáldsöguna „Að vera – eða hafa verið. Þúsundasti og annar dagurinn í lífi Halldórs Guðbrandssonar“, eftir Guðmund Björgvinsson. Þetta er fimmta bók höfundar, en hann hefur áður gefið út þrjár skáldsögur og eina matreiðslubók.

Bókin Að vera – eða hafa verið er fyrstu um sinn til sölu hjá höfundu, í strætunni á daginn, en á öldurhúsum um nætur.

Sama bókaútgáfa hefur gefið út barnabókina „Sjóferðin mikla“, eftir Guðmund Björgvinsson. Bókin segir frá ævintýralegrri siglingu fimm ára stúlku í bleikri tunnu um heimshöfin. Hún kemst í nán kynni við fjölmörg sjávardýr á leið sinni, borðar t.d. rækju, leikur á hákarl o.s.frv. Að lokum skolar henni á landi í Afríku, þar sem hún hittir fyrir flesta þá sem hún hefur hvað mestar mætur á; Línu langsock, Mikka mús, Einar Áskel og fleiri.


Þetta er fyrsta barnabók höfundar. Allar myndirnar í bókinni eru eftir höfund hennar, Guðmund Björgvinsson.

## Gallerí Borg:

## Þórður Hall sýnir teikningar

Um þessar mundir sýnir Þórður Hall teikningar í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9.

Sýningin er opin virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18. Þetta er seinni sýningarhelgi. Henni lýkur þriðjudaginn 14. nóv. 1989.

SJÁVAR  
STUNDASKRÁSJÁVARSTUNDASKRÁ  
Samvinnubankans hf.

Samvinnubanki Íslands hf. hefur látið gera stundaskrá fyrir skólanemendur landsins – stundaskrá, sem bæði gegnir hinu hefðbundnu hlutverki og miðlar um leið fróðleik.

Sjávarstundaskráin liggur frammi í öllum afgreiðslustöðum bankans um land allt. Þar er greint frá helstu nytjafiskum og fiskimiðum við Ísland.

Stundaskráin er myndskreytt af norska teiknararum Rolf Sörby. Auglýsingastofnan Nýr Dagur hf. sá um hönnun stundaskrárinnar.



## VERA 5. tbl. 8. árg.

## Tímarit um konur og kvenfrelsi

Í þessu tölublaði Veru er m.a. grein sem hefur að fyrirsögn „Ill meðferð á börnum“ og er þar sagt frá námstefnu sem heilsugæsluhjúkrunarfræðingar og barnahjúkrunarfræðingar stóðu fyrir.

Sektarkennd – kúgun eða afsökun? er yfirskrift að samtali við konur, en þar er rætt við Helgu Sigurjónsdóttur og Hönnu Maríu Pétursdóttur og sálfræðingurinn Guðfinna Eydal segir sitt álit sem sérfræðingur. Einnig leggja þær Albína Thordarson og Þórhildur Þorleifsdóttir orð í belg. Þá er frásögn konu sem flúði frá Suður-Afríku.

Þá er í blaðinu frásögn Sigurveigar Guðmundsdóttur kennara í Hafnarfirði, en hún segir frá blíðu og stríðu í lífi sínu. Sigurveig er orðin áttæð. Grein er í blaðinu um konurnar í Kyrrahafinu og síðan segir frá Kvænlistakonu í frásögn sem hefur að fyrirsögn „Með þrjústvitni og innri röddina í veginesti“. Einnig er þátturinn „Úr listalífni“ og ýmislegt fleira í blaðinu.

Ljósmyndasýning  
sumarbúða skáta:

## Skátar byggja upp fyrir fatlaða

Önnur sölusýning sumarbúða skáta að Úlfliðsvatni var opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi laugardaginn 4. nóvember sl. Sýningin verður opin til 17. nóvember.

Þetta er sýning á verkum 8-12 ára barna sem dvöldu í sumarbúðum skáta að Úlfliðsvatni síðastliðið sumar. Verkin sem eru til sýnis eru ljósmyndir teknar á myndavél sem börnin bjuggu sjálf til og flestir þekjja sem kassamyndavél (latn. CAMERA OPSCURA). Ljósmyndum með þessari aðferð er gömul því að fyrstu ljósmyndirnar voru teknar með þessu móti.

Sýningin er sölusýning. Öllum ágóða af sölu myndanna verður varið til uppbyggingar á aðstöðu fyrir fatlaða að Úlfliðsvatni.

## Björg Órvar sýnir á Hesthálsi

Björg Órvar er myndlistarmaður nóvembermánaðar á myndlistarkynningu FÍM-salarins og húsgagnaverslunar Kristján Siggeirssonar í húskynnum verslunarinnar að Hesthálsi 2-4.

Björg stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1975-1980. Síðan var hún tvö ár í Bandaríkjunum og stundaði framhaldsnám við Kaliforníuháskóla, Davis. Hún hefur haldið 7 einkasýningar hér á landi og tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis.